

STEINAR ÖRN ERLUSON

Mennirnir fljóta út

Ljósmyndun, sálgreining og sorgarúrvinnsla

Í mars 1946 lýsti ríkisstjórn Íslands því yfir að hún hygðist gefa út rit til minningar um þá Íslendinga sem létust á sjó á árunum 1939–1945. Í tilefni af því var eftirfarandi bréf sent út til aðstandenda þeirra sem létust:

Ríkisstjórn Íslands (atvinnumálaráðuneytið) hefir í hyggju að láta gefa út í sumar minningarrit um þá Íslendinga, sem fórust af völdum heimsstyrjaldarinnar 1939–1945 eða af ókunnum orsökum. – Einn hluti minningarrits þessa verður æfiágrip þeirra sem fórust. Heimilda um æfi þeirra vildum vér afla hjá aðstandendum, svo að bókin verði sem áreiðanlegust. Fyrir því biðjum vér yður vinsamlegast að útfylla skýrslu þá, sem bréfi þessu fylgir, og senda hana síðan hið fyrsta til baka.

Gert er ráð fyrir að birta myndir af öllum, sem farist hafa, og væri því mjög æskilegt að þér lánuðuð oss mynd af (nafn viðkomenda). Myndir munum vér senda aftur.

Ofangreindar upplýsingar (og mynd) þurfa að berast oss í hendur hið allra fyrsta og eigi síðar en 10. maí n. k. – Ef allt gengur eins og ráð er fyrir gert, er bókarinnar von síðla næsta sumar.¹

Minningarritið kom aldrei út en listar yfir þá sem létust, með upplýsingum um hvenær viðkomandi lést, ásamt lýsingu á aðstæðum og aðdraganda dauðsfallanna, og æviskrár hinna látnu birtust í þriðja bindi *Virkisins í norðri*

¹ Þorv. Björnsson, „Minnismerki sjómanna“, *Sjómannadagsblaðið* 1/1948, bls. 28–30, hér bls. 30.



(2. útgáfa, 1984) eftir Gunnar M. Magnúss, um sæfarendur.² Æviskrárnar hafa líklega byggst á upplýsingum sem aðstandendur höfðu sent inn árið 1946 og með einhverjum hætti ratað til Helga Haukssonar sem sá um aðra útgáfu bókarinnar. Myndir og æviatriði látinna sæfarenda fylgdu síðan ljósmyndum úr fótum Gunnars sem gefnar voru Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni árið 2004.³ Æviskrárnar í bókinni sýna að þetta var gríðarlegur fjöldi sem lést en það er ókannað hvort um sé að ræða fleira fólk en er að finna í myndasafninu sjálfu og þá hversu margt.

Fram að aldamótunum 1900 var sorg allajafna gerð sýnileg í gegnum hluti, klæðnað og síði, en á tuttugustu öldinni færðist sorgin aftur á móti af opinberum vettvangi og inn á einkavettvang fólks og tapaði trúarlegu, táknrænu og félagslegu gildi sínu.⁴ Sorg er í eðli sínu persónuleg tilfinning og viðbragð við missi, á meðan sorgarferlið snýr að því hvernig unnið er úr sorginni. Sigmund Freud taldi að til þess að eðlilegt sorgarferli gæti farið fram þyrfti fólk að átta sig á *hvern það hefði misst* og *hvað það hefði misst með bonum*. Freud taldi jafnframt að ef fólk gerði sér ekki grein fyrir báðum þáttum missisins, þá gæti sorgin leitt til þunglyndis (melankólíu) og sem „bendir til að þunglyndið sé á einhvern hátt tengt viðfangsmissi, sem er ekki meðvitaður gagnstætt sorginni.“⁵ Hvorki er öruggt að eðlilegt sorgarferli

² Gunnar M. Magnúss, „Þeir sem fórust og féllu 1939–1945“ og „Æviskrár“, *Virkið í norðri*, Reykjavík: Virkið, 1984, önnur útgáfa, bls. 215–239 og 241–391.

³ Arkífið með myndunum er geymt í upprunalegum umslögum í mannamyndasafni Ljósmyndasafns Íslands í Þjóðminjasafni, bæði þeim sem prentuð voru og merkt „SJÓMANNABLAÐIÐ „VÍKINGUR“. PÓSTHÓLF 425. REYKJAVÍK. MINNINGARRIT“ sem og í öðrum umslögum í ýmsum stærðum sem fólk hefur sjálft útbúið og sent.

⁴ Samanber Darian Leader, *The New Black. Mourning, Melancholia and Depression*, London: Hamish Hamilton, 2008. Í þessu sambandi eru einnig áhugaverðar hugmyndir Philippe Ariés um breytingar á viðhorfinu til dauðans, sjá til dæmis í „Death Denied“, *The Hour of Our Death*, New York: Knopf, 1981, bls. 559–595 og „Forbidden Death“, *Western Attitudes Towards Death. From the Middle Ages to the Present*, Baltimore: The John Hopkins University Press, 1974, bls. 85–103.

⁵ Sigmund Freud, „Sorg og þunglyndi“, *Ritgerðir*, Sigurjón Björnsson þýddi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2002, bls. 57–79, hér bls. 64. Það er mikilvægt að sálgreiningin er kenning sem skoðar einstaklinginn iðulega í sambandi við eitthvað viðfang og að sálræn heilsa einstaklinga veltur á heilbrigðum tengslum þeirra við þau viðföng í heiminum sem eru orsakir þráar þeirra eða hneigða. Í *Undir oki siðmenningar* (1930) skrifaði Freud stuttlega um ljósmyndun og sagði: „Með ljósmynda vélinni hefur [maðurinn] skapað sér tæki til þess að halda svipulum sjónmyndum föstum, rétt eins og hljómplatan varðveitir tóna og rödd. Hvort tveggja er í raun efnisgerving á getu hans til upprifjunar, minnis hans“. Sigmund Freud, *Undir oki siðmenningar*, Sigurjón Björnsson þýddi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag,

muni eiga sér stað við missi né gerist það með náttúrulegum hætti; það þarf ætíð að fara fram einhvers konar sorgarúrvinnsla. Það má til að mynda gera sér í hugarlund að margir þeirra sem hér birtast á ljósmynd hafi horfið með öllu í hafið og því ekki víst að lík hafi verið til staðar þegar jarðarför eða minningarathöfn fór fram, og það gæti staðið í vegi fyrir sorgarúrvinnslunni að vita ekki hvar viðkomandi hvílir í raun. Til að koma eðlilegu sorgarferli af stað getur hjálpað að reisa minnismarki eða setja saman minningarrit, og einn megingilgangur útgáfunnar, sem getið er hér að framan, virðist vera fólgin í því að reyna að átta sig á og syrgja það sem hver og einn hefur misst á sameiginlegum grundvelli. Þannig getur persónulegt og félagslegt sorgarferli átt samleið og komið saman, þar sem „okkar eigin aðgangur að sorg þiggur aðstoð frá því að við skynjum að aðrir eru líka að syrgja“.⁶ Í slíku ferli leika ljósmyndirnar lykillhlutverk í því að sjá að það sem maður hefur sjálfur misst er sambærilegt við missi annarra.⁷

Þó er það svo að þegar við lítum allar þessar myndir af látnum sæfarendum – handleikum umslögin og flettum í gegnum myndasafnið – þá er það ekki aðeins fjöldinn sem er sláandi heldur öll andlitin sem stara til baka á okkur, því þegar ljósmyndir eru tengdar við dauðann með þessum hætti verður augnaráðið sem brennt er inn í myndina sérstaklega áleiðið. Ekki ósvipað þeirri tilfinningu sem norska ljóðskáldið Tor Ulven lýsir í *Sorpsólinni*:

1997, bls. 35. Það er athyglisvert að Freud tengir ljósmyndun aðeins við hlutlæga eiginleika upprifjunar og minnis, ekki hið ómeðvitaða á sviði hins sjónræna líkt og Walter Benjamin gerði í „Saga ljósmyndunar í stuttu máli“, *Fagurfræði og miðlun*, Hjálmar Sveinsson þýddi, Reykjavík: Háskólaútgáfan og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands, 2008, bls. 483–511.

⁶ Darian Leader, *The New Black. Mourning, Melancholia and Depression*, bls. 75.

⁷ Jay Ruby hefur sagt að „til þess að setta sig við missi ástvarnar, þá þurfum við að lofsyngja líf hans eða hennar. Að minnast hins látna með ljósmynd virðist mjög skynsamleg leið til að leiða það verkefni til lykta.“ „Memorial Photography“, *Secure the Shadow. Death and Photography in America*, Cambridge: The MIT Press, 1995, bls. 113–157, hér bls. 157. Frekari umræðu um hvernig ljósmyndir hafa verið notaðar í tengslum við dauðann er að finna í bók Rubys. Það er velþekkt hvernig ljósmyndir hjálpa til að syrgja missi og hvernig þær geta aðstoðað í sorgarferlinu. Í því sambandi mætti nefna og velta fyrir sér fleiri gerðum myndbirtinga látinna einstaklinga þegar þeir voru á lífi, eins og til dæmis myndir á legsteinum, í minningargreinum og framan á sálmaskráum, en slíkar myndbirtingar hafa lengi tíðkast og ekki þótt jafn viðkvæmar og myndir af látnum einstaklingum. Sjá einnig Geoffrey Batchen, *Þegar þú þetta sérð. Ljósmyndun, saga, minning*, Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, 2004.

Ég sé dauðann
alls staðar

Hann býr
í augunum

Augnaráð hans er rotíð.
Tært.
Ópólitískt.⁸


Og í ljósi dauða allra þessara sæfarenda sem eru á myndunum, þá verður einnig áleitíð hvernig við erum eftir-lifendur og komum í kjölfar allra þeirra sem hafa farið á undan okkur, flotið út í dauðann.

*

Nokkrar myndanna úr myndasafninu af látnum sæfarendum birtast í myndabættinum hér á eftir með umslögunum sem fylgdu þegar þær voru sendar í minningarrítið. Myndasafnið er að finna í Ljósmyndasafni Íslands í Þjóðminjasafni og hefur safnnúmerið Mms. 6.10.2020. Ég vil sérstaklega þakka Ingu Láru Baldvinsdóttur, fyrrum sviðsstjóra Ljósmyndasafnsins, yfirlestur, aðstoð og að hafa bent mér á myndasafnið á sínum tíma.

Steinar Örn Erluson


⁸ Tor Ulven, *Steingerð vængjapör: Ljóðaúrval*, Magnús Sigurðsson þýddi, Reykjavík: Uppheimar, 2012, bls. 205. Ljóðið er án titils og birtist upphaflega í ljóðabókinni *Sorpsólin* árið 1989.














Mynd vegna Minningarritsins
Niels Gudmundsson.

236

SJÓMANNABLAÐIÐ VÍKINGUR
PÓSTHÓLF 425 - REYKJAVÍK



STEINAR ÖRN ERLUSON

